

Fermingarblað Vífils

1. tölublað

28. árgangur

2006



Fermingarbörn í Garðabæ 2006
Hátíðarhöld sumardagsins fyrsta
Öflugt skátastarf í Garðabæ
Útilífs- og ævintýranámskeið Vífils í 18. sinn



FRAMTÍÐARBÓK KB BANKA

Fermingarbörn sem leggja 30.000 kr. eða meira inn á **Framtíðarbók KB banka**, hvort sem er í peningum eða gjafakortum Framtíðarbókar, fá **5.000 kr.** peningagjöf inn á bókina frá KB banka.

- Verðtryggður sparireikningur
- Hæstu vextir almennra innlánsreikninga bankans
- Innstæðan verður laus til úttektar þegar þú verður 18 ára

www.kbunglingar.is

 **KB BANKI**

Enn á ný !

Fermingarblað Vífils, eitt elsta blaðið í Garðabænum kemur nú út í tuttugasta og áttunda skipti.

Blaðinu er meðal annars ætlað að kynna fermingarskeytasölu félagsins, en hún hefur verið ein af fjáröflunum félagsins í hartnær 30 ár.

Sem fyrr eru listar yfir þau fermingarbörn sem fermast í Garðakirkju og Vídalínskirkju og einnig þau fermingarbörn úr Garðabæ sem fermast í Bessa- staðakirkju.

Listarnir eru eins og þeir lágu fyrir er blaðið fór í prentun og hugsanlega hafa orðið einhverjar breytingar frá þeim tíma.

Með Fermingarblaði Vífils, sem er alfarið unnið af skátum Vífils, viljum við einnig kynna allt það umfangsmikla starf sem fer fram undir merkjum Vífils á hverju ári.

Nú pantar þú líka skeyti á vefnum !

Við hvetjum bæjarbúa til að senda fermingarbörnum skátaskeyti, hvort sem þeir eru nágrannar, vinir eða ættingjar og þannig styðjið þið við öflugt æskulýðsstarf í bænum.

Við höldum áfram að hafa skeytasöluna á heimasíðu félagsins www.vifill.is og hvetjum ykkur að nýta hana - þar er opið allan sólarhringinn.

Auðvitað er svo líka hægt að hringja í okkur til að panta skeytin.

Mikið að gerast í Jötunheimum

Þetta árið höfum við sinnt ótrúlega mörgum verkefnum og er lokafrágangur nýju skátamiðstöðvarinnar eitt af þeim stóru. Í lok síðasta árs var gengið frá salnum og er hann að verða hinn glæsilegasti og verður án efa vinsæll til útleigu hér í bænum.



Umfangsmikið skátastarf í Vífli

Þetta síðasta ár hefur verið mjög annasamt hjá skátum félagsins.

Undirbúningur fyrir Landsmótið og þátttaka Vífils í því var eitt ævintýri út af fyrir sig. Félagið fór á Vormót í Krýsuvík, Viðeyjarmót, Ylfingamót á Úlfjótuvatni ásamt ferðum skáta erlendis og þátttöku í námskeiðum og ferðum. Einnig hefðbundnar félags-, sveitar- og flokksútilegur, en þær eru fastir liðir í starfi skátasveitanna.

Ekki má gleyma að Vífill sá um stóran hluta hátíðahalda á 17. júní ásamt því að sjá um sumardaginn fyrsta eins og venjulega.

Umsjónarmenn sumarstarfsins fengu svo nánast alla erlenda gesti Landsmóts í gistingu bæði fyrir og eftir mótið og voru hátt í 500 erlendir gestir í umsjá okkar í nokkra daga eftir Landsmótið.

Sumarnámskeiðin slógu met !

Einn af hápunktunum fyrir Vífil var sá að Útilífs- og ævintýranámskeið og Smíðavöllurinn voru fjölsóttustu námskeiðin í Garðabæ síðastliðið sumar og erum við sérlega stolt af því.

Sumarnámskeið í 18. sinn.

Auðvitað kynnum við hér í blaðinu okkar vinsælu Útilífs- og ævintýranámskeið, en þau verða haldin í sumar í áttjándu skiptið og Smíðanámskeið Vífils verður í okkar umsjá í þriðja sinn.

Námskeiðin eru alltaf að verða vinsælli og vinsælli og ekki er verra að fara að huga að bókunum því síðustu árin hefur verið uppþokað á þau öll á met tíma.

Bestu þakkir !

Frá okkur skátum í Vífli sendum við bestu kveðjur og þakkir til þeirra fyrirtækja sem hafa gert þessa útgáfu mögulega.

Sum þessara fyrirtækja hafa styrkt okkur í meira en aldarfjórðung og viljum við þakka þeim fyrir **ómetanlega** aðstoð.

Með skátakveðju,
Björn Hilmarsson,
ritstjóri.



Útgefandi:
Skátafélagið Vífill

Ábyrgðarmaður
Helgi Grímsson

Ritstjórn
Björn Hilmarsson

Bergdís Brynjarsdóttir
Björk Brynjarsdóttir
Brynjar H. Bjarnason
Guðrún Þórey Sigurbjörnsdóttir
Gunnur Líf Gunnarsdóttir
Hermann Sigurðsson
Hrafnhildur Sigurðardóttir
Soffía Dagmar Þorleifsdóttir

Myndir
Úr myndasafni ritstjórnar og Vífils

Gæðamat fyrir skátafélög

Nú hefur litið dagsins ljós handbók um gæðamat í skátastarfi.

Gæðamatið hefur tvíþættan tilgang, annan sem snýr að innra starfi félagsins og hinn sem snýr að því umhverfi sem skátafélagið starfar í.

Til þess að efla innra starf skátafélags þarf félagsstjórn að skipuleggja starfið fram í tímann, setja ramma utan um það og marka því stefnu.

Stjórnir skátafélaga fá skýr verk

Stjórnir skátafélaga þurfa því að spyrja sig hvað þær ætli að gera og hvernig, hvaða áherslur ætla félagið að hafa og hvernig eiga þær að koma fram.

Með markvissu starfi stjórnar aukast líkur



á að starfið í skátasveitunum eflist og þannig skipta störf stjórnar verulegu máli fyrir skátana og foreldra þeirra. Þegar félag hefur hlotið gæðaviðurkenninguna getur það á ápreiðanlegan hátt sýnt sveitarfélagi, fyrirtækjum og öðrum að á vegum þess fari fram gæðastarf sem hlotið hafi viðurkenningu Bandalags íslenskra skáta.

Uppskipting gæðamats

Gæðamatinu er skipt í fimm hluta:

Skipulag félags, starf félags, fjármála- stjórn, fræðslumál/menntun og sam- starf.

Kjörorð skáta er „Ávallt viðbúinn“! Með gæðamatinu er skátafélögum gert kleift að standa undir þessum orðum og eyða óvissuþáttum í starfinu. Með faglegu og markvissu starfi ná skátafélög að standa undir markmiðum sínum og Bandalags íslenskra skáta.

Vífill greip boltann á lofti

Skemmst er frá því að segja að stjórn og foringjar Vífills tóku verkefnið mjög föstum tókum og var mikið fundað og skipulagt samkvæmt Gæðahandbók BÍS. Vissulega má segja að gæðamatið hafi verið mikil lyftistöng fyrir félagið og



þessi mikla naflaskoðun hefur leitt margt gott í ljós og einnig auðvitað hluti sem hefur þurft að lagfæra.

Vífill fyrsta félagið að skila inn

Niðurstaðan er sú að Skátafélagið Vífill hefur lokið verkinu fyrst allra félaga á landinu og var skilað inn Gæðahandbók Vífills til skrifstofu Bandalagsins nú rétt fyrir Skátapijing, sem var fyrr í mánuðinum. Nú er beðið eftir því að stjórn Bandalag íslenskra skáta samþykki þá vinnu sem í verkið hefur farið.



Stjórn Vífills skipa nú

Félagsforingi

Helgi Grímsson

Aðstoðar félagsforingi

Hrafnhildur Sigurðardóttir

Ritari

Brynjar Hólm Bjarnason

Gjaldkeri

Björn Hilmarsson

Meðstjórnendur

Hermann Sigurðsson

Soffía Dagmar Þorleifsdóttir

Unnur Flygenring



Smiðsbúð 9



Stúdióbilur ehf.
Sími: 5 400 800 / 540 6700 - GSM: (354) 893 0330
E-mail: studiobilar@studiobilar.is - www.studiobilar.is



Krydd og kaviár

... og bragðlaukarnir brosa

www.kryddogkaviar.is

Sími: 565-9933



Sumir dagar eru slæmir dagar...

Blessunarlega eru flestir dagar fremur áfallalausir hjá íslenskum fjölskyldum. En sumir vilja samt hafa öll sín mál á hreinu. Það er engin tilviljun að um 25.000 fjölskyldur hafa valið F plús fjölskylduþryggingu VÍS.

Sumir eiga hreinlega í erfiðleikum með að trúá því hversu víðtæk F plús tryggingin er. Hún felur í sér og veitir m.a.:

- Tryggingu á innbúi
- Farangurstryggingu á ferðalögum erlendis
- Ábyrgðartryggingu einstaklings
- Slysstryggingu í frítíma
- Umönnunartryggingu barna
- Afslátt af öðrum tryggingum
- Ferðasjúkra- og ferðarofstryggingu á ferðalögum erlendis
- Málskostnaðartryggingu
- Afslátt af öryggisvörum

F1000/81A

Sjá nánar í skilmálum F plús tryggingar. Kynntu þér kosti F plús á vis.is eða næstu þjónustuskrifstofu okkar.

Vátryggingafélag Íslands
Ármúla 3 · 108 Reykjavík
Sími 560 5000 · vis.is



Sumardagurinn fyrsti 20. apríl er hátíð allra Garðbæinga

Afmælisdagur Vífils

Sterk hefð hefur myndast um hátíðahöld sumardagsins fyrsta í Garðabæ og hafa þau verið í umsjá Skátafélagsins Vífils alla tíð.

Sumardagurinn er um leið afmælisdagur félagsins, en félagið var stofnað á þessum degi árið 1967 og verður því 39 ára á þessu ári.

Skátamessa í Vídalínskirkju kl. 13

Dagurinn hefst með fánaathöfn við Vídalínskirkju laust fyrir klukkan 13 og hefst svo skátaguðsþjónusta í kirkjunni strax á eftir. Í kirkjunni er m.a. vígsla nýrra félaga og veittar viðurkenningar fyrir starf vetrarins.

Við hvetjum alla Garðbæinga að taka þátt í dagskránni frá upphafi.



Skrúðganga að Hofsstaðaskóla

Skrúðgangan hefst svo eins og venja er fljótlega eftir skátamessuna eða klukkan 14. Gengið verður frá Vídalínskirkju, niður Hofsstaðabraut, eftir Bæjarbraut að Hofsstaðaskóla og inn á hátíðar-svæðið þar.

Skátaforingjar úr Vífli munu sjá um

fánaborg í skrudgöngunni og sér lúðrasveit um göngutaktinn og hressan undirleik.

Dagskrá við Hofsstaðaskóla

Við Hofsstaðaskóla mun lúðrasveitin leika nokkur lög og að því loknu hefst skemmtidagskrá þar sem allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi, t.d.

leiktæki, söng og skemmtiatriði.

Skátakaffi og afmælskökur

Hofsstaðaskóli verður opinn og hið víðfræga skátatertuhlaðborð Vífils verður þar samkvæmt hefðinni.

Kaffisalan verður í samkomusal skólans og er nóg pláss fyrir alla.



Góð íþrótt er gulli betri

Íþróttamiðstöðin Ásgarður - Garðabæ

Íþróttamiðstöðin er miðstöð heilsuræktar.

Starfsfólk stöðvarinnar býður Garðbæinga og gesti velkomna og mun kappkosta að veita góða þjónustu. Þú getur hvort heldur valið um að æfa í skipulögðu starfi íþróttafélags eða setja saman þína eigin æfingaáætlun.

Við íþróttamiðstöðina er glæsileg sundlaug, barnalaug og heitir pottar. Stórir og litlir æfingasalir, upphitunarsalur og þreksalur.

Úti eru svo gervigrasvöllur ásamt nýjum sparkvöllum.

Það er aldrei of seint að byrja.

Hafðu samband og kynntu þér starfsemi okkar.

Íþróttamiðstöðin Ásgarður - Garðabæ - Sími 565-8066



Íþrótt- og tómstundaráð Garðabæjar

Skátamessa, skróðganga, kaffisala og skemmtun

Nú mæta allir !

Við í Vífli erum stolt af því að sjá um svo viðamikla hátíð í bænum og vonum við að við sjáumst sem flest !

Allir velkomnir á sumardaginn fyrsta!

Sumardagsnefnd Vífils.



Hvað er IMWe ?

IMWe stendur fyrir Internationale Musische Werkstatt og eru árlegar vinnubúðir sem ganga út á að virkja skáta í sköpun og listum.

IMWe hefur verið haldið í rúm 50 ár og hefur getið af sér stóran hóp skáta sem fer ár eftir ár. Vinnubúðirnar eru yfirleitt haldnar í Rieneck kastalanum í Þýskalandi í páskafríinu og standa í rúma viku.

Vinnubúðirnar eru ætlaðar evrópskum skátum 17 ára og eldri og eru skipulagðar af fjölbjóðlegum hópi skáta sem hittist nokkrum sinnum á ári til þess að undirbúa IMWe.

Að þessu sinni fórum við sjö frá Íslandi og þrjú frá Vífli.

Gúrkukóngurinn !

Ár hvert er nýtt þema á IMWe. Þetta árið var það Gúrkukóngurinn, en síðustu ár hafa þemun verið t.d. Hansatímabilið,



skordýr, Indíahraðlestin, gullæðið og fleira. Þátttakendur koma þá í búningum sem passa þemanu og dagskrá vinnubúðanna fleytir áfram sögufléttu þar sem undirbúningsnefndin fyrrnefnda leikur stórskemmtilega karaktera.

Allt fléttast saman í dagskránni

Sagan fléttast svo inn í fjölbreytta dagskrárliði, svo sem næturleikinn og stórleikinn sem gerir andrúmsloftið á IMWe hresst og ævintýramettað.

Dagskráin á IMWe er margvísleg en öll miðar hún að því að reyna að efla sköpunina hjá þátttakendum, sem þeir svo geta miðlað til sinna skáta.

Eftir hádegi eru svo kóræfingar fyrir þá sem hafa áhuga á söng, blaðaútgáfufundir fyrir góða penna og svo ýmis stutt námskeið, skipulögð af þátttakendum sjálfum og eru yfirleitt einhvers konar kynningar á menningu landa þeirra. Á kvöldin setjast svo allir

niður og syngja og spila á gítar, stemmingin er mögnuð.

Mögnuð lífsreynsla

IMWe er ekki bara einhverjar listavinnubúðir, heldur alveg gífurlega mögnuð lífsreynsla. Fólk sem þú kynnist verða vinir þínir til lífstíðar og vikunum fyrst eftir IMWe eyðir þú ekki í annað heldur en að hanga á veraldarvefnum að skoða myndir, tala við austurríska glaumgosa eða slóvenskar skátastúlkur á msn og hlusta á norska lagið Vár aftur og aftur. IMWe er hálfgerð fikn, rétt eins og Pringles, "Einu sinni smakkað, þú getur ekki hætt". Ef þú hefur farið einu sinni ferðu aftur. Og aftur. Og aftur!

Inga Auðbjörg Kristjánsdóttir



Vífill í Afríku

Síðasti bústaður Baden Powells heimsóttur

Jól í Afríku og Paxtu heimsótt

Í ferð okkar um Suður Afríku um jólin heimsóttum við síðasta bústað Baden Powells, stofnanda skátahreyfingarinnar. Þennan stað kallaði hann Paxtu, sem þýðir friður fyrir tvo, en þau hjón voru bara tvö þarna í litlu húsi sem var aðalega setustofa, svefnherbergi, bað og lítið eldhús. Þessi staður er í bæ sem



heitir Niere og er ekki langt frá Nakoruvötnum þar sem flamengo fuglarnir halda sig í miljóna tali.

Upp prinsessa og niður drottning

Rétt hjá þessum stað hafði B.P nokkuð stóran kofa uppi í tré og var þessi staður kallaður Treetop. Það frægasta sem gerðist þar var þegar Elísabet Breta-




drottning var enn prinsessa, þá gisti hún í þessu tré en um nóttina dó pabbi hennar og þegar hún kom niður úr trénu að morgni var hún orðin drottning.

Við gáfum gjöf til minjasafns Paxto, en það var Vífilshúfa sem valin var góður staður.

Brynjar, Bergdís og Björk

Ný kynslóð salatbara



Sjáðu þetta

40 spennandi tegundir

Meðal annars:

- Kjúklingur
- Hummus
- Kjúklingabollur
- Ferskar melónur
- Mozzarella salat
- Romain salat
- Kjötbollur í rabbabarasósu
- Kús kús tandoori
- Tortelini m/engifer
- Austurlenskar rækjur
- Spínat
- Alabama salat
- Léttfeti m/kryddi
- Ávaxtasalat í kókósskysósu
- Kryddfeti í olíu
- Sólburraðir tómatar
- Ætjibistill

...og margt fleira


Hollt & Gott

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Margur er knár...

Ljósálfasveitin Muggar er hópur barna í þriðja bekk. Er þetta yngsta sveitin innan félagsins, en þar eru kraftmikil og dugleg börn.

Mikið og fjölbreytt starf hefur verið unnið í vetur á fundum og í dagsferðum. Á flokksfundum hafa börnin búið til listaverk, farið í ýmsa leiki, lært að elda á opnum eldi og svo mætti lengi telja. Dagsferðirnar hafa einnig verið margar og skemmtilegar, farið var í keilu, tekið strætó á Þjóðminjasafn Íslands og gefið öndunum brauð og margt fleirra.

Sungu í Holtsbúðinni

Í "innilegunni" (útilegunni sem haldin var í skátaheimilinu), helgina fyrir jólin fóru



börnin í heimsókn á dvalarheimilið í Holtsbúð. Voru þau búin að baka piparkökur og skreyta. Sungu þau nokkur lög og gáfu svo piparkökurnar.

Muggasveitin er SOS-foreldri

Muggasveitin hefur sett sér það markmið að vinna að því að hjálpa öðrum og vera góð við hvert annað.

Nú þegar hafa Muggarnir gert mikið af því, en það sem hæst ber í þeim efnum er að Muggarnir eru styrktarforeldrar SOS barnaþorpana.

Ana Karina er ein af hópnum

Eiga þau því systur í El - Salvadore sem heitir Ana Karina og er 10 ára. eru meðlimir sveitarinnar búnir að vera



duglegir að safna flöskum fyrir hana og er send mánaðarlega fjárupphæð svo hún Ana geti gengið í skóla, borðað mat og átt nokkuð eðlilegt líf.

Muggasveitin vekur athygli

Þetta er búið að vekja mikla athygli og eru allir mjög stoltir af þessu framtaki, m.a. var viðtal við okkur í DV og í fréttablaði SOS-þorpanna.

Hugmyndin okkar er að næsta sveit taki við að ári og svo koll af kolli eftir því sem nýir koma í sveitina.

*Unnsteinn Jóhannesson
sveitarforingi.*

Furðufuglar

Strax farið að undirbúa næsta sumar

Einn dagur í félagsútilegu

Ylfingasveitin Furðufuglar hefur haft mikið að gera í vetur. Við byrjuðum starfið með frábærri félagsútilegu sem haldin var í Bláfjöllum.

Ylfingarnir mættu eldsprækir til leiks í Jötunheimum og þar var mikið fjör og létum við ekki slæmt veður á okkur fá.

Á laugardegi fóru allir með rútunni hans Dalla uppeftir og skemmtu sér frábærlega í æðislegum póstaleik. Eftir kaffið fóru allir út með plastpoka í hönd að renna sér í snjónum og skoðaðir voru nokkrir hellar. Kvöldmaturinn var eldaður af skátunum sjálfum og kvöldvakan var í umsjá þeirra líka.



Dagsferðir og útilega/innilega

Dagsferðir Furðufugla eru fastir liðir og er einu sinni í mánuði. Í þeim er ávalt gaman og núna síðast var farið í Skautahöllina.

Innilegan er haldin árlega, en í henni hittast Furðufuglar rétt fyrir jól og hafa gaman saman, fönðra jólastkraut, horfa á jólamyndir og borða góðan mat.

Í innilegunni mæta Furðufuglar úr báðum hópnum, þ.e. þriðju- og fimmtu-dags og fá að kynnst betur.

Styttist í vígsluna...

Vígsla ylfinga verður á sumardegnum fyrsta 20. apríl, þá vígjast þeir ylfingar sem byrjuðu í haust með pompi og prakt og allir fá klúta.

... og sumarstarfið undirbúið

Í sumar, eins og öll sumar, verður ylfingamótið haldið á Úlfjótavatni þar sem Furðufuglar ætla að fjölmenna og vera með flest tjöldin á svæðinu. Þetta verður eftirminnilegt mót sem ylfingarnir hlakka alltaf til að fara á. Dagskráin verður fjölbreytt, t.d. kanóar, klifur og póstaleikir og hið víðfræga vatnasafarí.



Nú í ár ætlum við að fara í undirbúningsútilegu fyrir ylfingamótið, í Vífilsbúð í Heiðmörk, þar sem hópurinn nær að þéttast og allir geta lært á tjöldin sín og kynnst "útileguþingnum" með varðeldi og heila pakknum!

Vikulegir fundir eru ekki síður viðburðaríkir, við skreppum í sund, búum til kerti, förum að klifra, búum til snjókarla, höldum kvöldvökur, syngjum og tröllum og förum í leiki.

*F.h Furðufugla
Halldóra og Sigrún
sveitarforingjar*

Skemmtilegur hópur

Í skátasveitinni Forynjum eru stúlkur frá aldrinum 11 - 13 ára en við erum um það bil 35 talsins. Það hefur verið rosalega öflugt starf í vetur enda eru þetta allt dugmiklar stúlkur og sífellt bætast fleiri stúlkur í hópinn.

Fundir vikulega

Einu sinni í viku eru haldnir fundir, eða á miðvikudögum frá hálf átta til hálf níu. Á fundunum gera skátarnir allt mögulegt, meðal annars er farið að klifra, eldað yfir opnum eldi og unnin fróðleg og skemmtileg verkefni.



Útilega í Lækjarbotnum

Reglulega er farið í útilegur en Forynjusveitin fór í sveitarútilegu í Lækjabotna í byrjun febrúar.

Útilegan heppnaðist afar vel og mun þetta vera útilega sem verður lengi í minnum höfð.

Öflugt og fjörugt starf er framundan en skátarnir taka meðal annars þátt í sumardegnum fyrsta og 17. júní.

Stefna á skátamótin í sumar

Skátamótin verða svo ekki fá í sumar og

er stefnt á að sveitin fari á minnsta kosti eitt eða tvö með félaginu.

Með bros á vör höldum við áfram góðu starfi!

*Skátakveðja frá sveitarforingjum
Gunnur Líf og
Guðrún Þórey*

Fornmenn

Öflugir strákar

Skátasveitin Fornmenn er fyrir stráka á aldrinum 11-14 ára. Starfið fer að mestu fram á fundum sem eru vikulega og svo auðvitað í ferðum og í útilegum.

Á fundum er alltaf fjör og oft verið að undirbúa stærri liði eins og þátttöku í félagsútilegum, sveitarútilegum, dagsferðum o.fl. liðum sem eru hápunktur í starfi allra skáta.

Mikið framundan

Mörg skemmtileg verkefni eru framundan og ef þú hefur áhuga á skemmtilegu, fjölbreyttu og ögrandi starfi þá eru skátasveitin Fornmenn eitthvað fyrir þig.

Foringjahópurinn



Strákasveitin

Viltu verða félagi í Skátafélaginu Vífli ?

Komdu í Jötunheima við Bæjarbraut eða hringdu í síma 565-8820 eða kíktu á www.vifill.is og fáðu nánari upplýsingar

Fermingarbörn úr Garðabæ sem fermast árið 2006

Prestar verða sr. Jóna Hrönn Bolladóttir sóknarprestur og sr. Friðrik J. Hjartar prestur.

Vídalínskirkja laugardaginn 1. apríl kl. 10:30.

101	Alexandra Klara Ellertsdóttir	Holtsbúð 59
102	Arnar Sveinsson	Langamýri 29
103	Björk Bogadóttir	Mávanes 13
104	Eydís Anna Martinsdóttir	Hlíðarbyggð 43
105	Eyðdís Sunadóttir	Stekkjjarflöt 5
106	Hafþór Breki Bergsson	Rjúpnahæð 8
107	Hildur Guðmundsdóttir	Tunguás 1
108	Hilmar Númi Sævarsson	Hæðarbyggð 8
109	Hjördís Eiríksdóttir	Langamýri 25
110	Konný Arna Hákonardóttir	Holtsbúð 40
111	María Björk Ágústsdóttir	Vífilsst. stm.hús 4 th.
112	Marta Rós Ormsdóttir	Breiðás 7
113	Matthías Davíðsson	Hörgatún 25
114	Sverrir Eðvald Jónsson	Asparás 7
115	Tanja Kristóbertsdóttir	Steinás 12
116	Tanja Lind Fodilsdóttir	Ögurás 5
117	Telma Kristóbertsdóttir	Steinás 12
118	Tryggvi Thoroddsen	Greniás 15
119	Viktor Orri Andersen	Melhæð 4
120	Þorsteinn Ari Bergm. Þorsteinss	Eskiholt 6
121	Þröstur Atlason	Jökulhæð 1

Bessastaðakirkja laugardaginn 1. apríl kl. 13:30.

130	Hulda Guðlaugsdóttir	Holtsbúð 77
131	Indíana Nanna Jóhannsdóttir	Kríunes 11
132	Sigurður Leví Björnsson	Hagaflöt 3

Bessastaðakirkja sunnudaginn 2. apríl kl. 10:30.

201	Elísabet Brynjarsdóttir	Bæjargil 38
202	Guðjón Ragnarsson	Langamýri 5
203	Jón Pétur Þorsteinsson	Haukanes 15
204	Unnar Snær Þorsteinsson	Kjarrás 10

Vídalínskirkja sunnudaginn 2. apríl kl. 13:30.

210	Alexander Einarsson	Fífumýri 1
211	Anna Guðrún Einarisdóttir	Sunnufliöt 20
212	Ásrún Björk Hauksdóttir	Holtsbúð 8
213	Birna Guðmundsdóttir	Hofslundur 10
214	Brynja Viktorsdóttir	Þrastarlundur 14
215	Daníel Grétarsson	Sjávargrund 14a
216	Davíð Ómar Sigurbjörgsson	Lyngmóar 7
217	Egill Sigurjónsson	Jökulhæð 4
218	Eva Dögg Þórisdóttir	Bæjargil 108
219	Guðrún María Pétursdóttir	Ásbúð 84
220	Gunnar Helgi Ólafsson	Kjarrmóar 7
221	Gunnlaugur Freyr Arnarsson	Ásbúð 78
222	Heba Ýr Pálsdóttir	Kjarrmóar 8
223	Hildur Hafsteinsdóttir	Lyngmóar 11
224	Jóakim Páll Pálsson	Eskiholt 20
225	Jóhanna Dóra Ingólfssdóttir	Hvannalundur 6
226	Jón Sævar Brynjólfsson	Nónhæð 3
227	Kolbrún Andradóttir	Lindarflöt 13
228	Sigurður Jóel Vigfússon	Bæjargil 35
229	Stefán Snær Stefánsson	Bæjargil 44
230	Svanhildur Halla Haraldsdóttir	Lækjarás 4
231	Unnur Ýr Viðarsdóttir	Eskiholt 17
232	Urður Jónsdóttir	Sunnufliöt 39
233	Valdís Blöndal Ragnarsdóttir	Kríunes 14

Vídalínskirkja laugardaginn 8. apríl kl. 13:30.

301	Agnes Hrund Guðbjartsdóttir	Urðarás 12
302	Anton Marínó Stefánsson	Sjávargrund 15b
303	Arnór Kristinn Hlynsson	Hörgatún 13
304	Birgir Sverrisson	Ögurás 1
305	Birna Dís Ólafsdóttir	Löngumýri 59
306	Elísabet Hanna Daníelsdóttir	Viðarás 1
307	Erling Gauti Jónsson	Birkiás 4
308	Erna Guðný Aradóttir	Grenilundur 9
309	Guðni Bergur Elíasson	Asparás 12
310	Ingibjörg Sörensóttir	Hrísmóar 3
311	Ísak Einar Rúnarsson	Hrísmóar 11
312	Jóhanna Jóhannsdóttir	Stekkjjarflöt 25
313	Kristín Ósk Sævarsóttir	Sunnufliöt 14
314	Ólafur Karl Finsen	Eskiholt 11
315	Pétur Smári Elíasson	Asparás 12
316	Stefanía Ástrós Benónýsdóttir	Engimýri 9
317	Tómas Ken Magnússon	Tjarnarflöt 7
318	Unnur Friðriksdóttir	Þrastarlundur 20
319	Valdís Guðmundsdóttir	Krókamýri 46
320	Þorgrímur Þorsteinsson	Ásbúð 3

Vídalínskirkja sunnudaginn 9. apríl kl. 10:30.

401	Alexander Ingi Olsen	Hrísmóar 9
402	Berglind Björk Skaftadóttir	Brúnás 16
403	Birgir Rafn Baldursson	Kjarrmóar 18
404	Brynjar Örn Möller Eðvaldsson	Bæjargil 76
405	Dýrleif Sigurjónsdóttir	Grenilundur 9
406	Gísli Þór Sigurðsson	Draumahæð 6
407	Helgi Einarsson	Langamýri 9
408	Ingólfur Óskarsson	Hella v/Njarðargrund
409	Karítas Ólafsdóttir	Þrastarlundi 2
410	Kristín Thelma Hafsteinsdóttir	Krókamýri 60
411	Thelma Lind Waage	Hlíðarbyggð 19

Vídalínskirkja sunnudaginn 9. apríl kl. 13:30.

420	Arna Björk Almarsdóttir	Brekkubbyggð 63
421	Arnar Þór Ingason	Dalsbyggð 6
422	Auður Brá Hermannsdóttir	Brekkubbyggð 30
423	Benedikt Ragnar Jóhannsson	Blikanes 11
424	Hlynur Haraldsson	Hlíðarbyggð 44
425	Jóhann Auðunn Þorsteinsson	Sunnufliöt 26
426	Jóna Þórarinsdóttir	Bæjargil 67
427	Júlíus Geir Gíslason	Dalsbyggð 2
428	Kristín Óskarsdóttir	Heiðarlundur 13
429	Kristján Júlíusson	Markarflöt 8
430	María Björk Sigurpálsdóttir	Skógarhæð 6
431	Ninna Þórarinsdóttir	Bæjargil 67
432	Ólafur Hannesson	Engimýri 2
433	Ragnar Már Jónsson	Langamýri 15
434	Rósa Dögg Ægisdóttir	Hlíðarbyggð 31
435	Sigurlín Ósk Hrafnadóttir	Krókamýri 40
436	Trausti Rúnar Guðbjartsson	Marargrund 10
437	Una Árnadóttir	Langamýri 22

Garðakirkja sunnudaginn 23. apríl kl. 10:30.

501	Arnrún Björk Kristinsdóttir	Ásgarður 5
502	Árni Jón Einarsson	Hörgatún 9
503	Brynjar Smári Alfreðsson	Bæjargil 71
504	Elvar Hansson	Garðafliöt 27
505	Eva Lind Elíasdóttir	Ásbúð 52

Skeytasalan opin milli 13-17 þá daga sem fermt er

506	Eysteinn Finnsson	Holtsbúð 48
507	Hjördís Skúladóttir	Faxatún 13
508	Hjörtur Þórisson	Urðarás 5
509	Hrefna Marín Sigurðardóttir	Súlunes 7
510	Klara Sól Ágústsdóttir	Aftanhæð 5
511	Kristmundur Ingi Þórisson	Furuás 4
512	Óskar Ólafsson	Bæjargil 7
513	Rakel María Sverrisdóttir	Aratún 36
514	Rósamunda Þórarinsdóttir	Markarflöt 26
515	Selma Dögg Kristjánsdóttir	Sunnufliot 16
516	Valdimar Gíslason	Birkiás 6
517	Víglundur Jarl Þórsson	Krókamýri 78

Bessastaðakirkja sunnudaginn 23. apríl kl. 13:30.

520	Karen Ösp Einarsdóttir	Krókamýri 18
521	Kjartan Hreinsson	Sunnufliot 15

522	Valgerður Dröfn Ólafsdóttir	Aratún 3
-----	-----------------------------	----------

Garðakirkja sunnudaginn 30. apríl kl. 10:30.

601	Alexander Sævar Guðbjörnsson	Faxatún 34
602	Andri Heimir Vignisson	Ásbúð 13
603	Auður Sif Kristjánsdóttir	Garðafliot 4
604	Ásta Karen Ágústsdóttir	Einilundur 4
605	Birta Rún Sævarsdóttir	Gimli v/Álftanesveg
606	Borgrún Alda Sigurðardóttir	Asparás 10
607	Finnur Jónsson	Brekkubýggð 20
608	Garðar Benedikt Sigurjónsson	Birkiás 22
609	Indriði Einarsson	Sunnufliot 2
610	Jódís Bóasdóttir	Bjarkarl. /Hörgatún 21
611	Laufey Hjaltadóttir	Bæjargil 101
612	Svanhvít Helga Magnúsdóttir	Reynilundur 5


Nýjar tegundir skátaskeyta í boði, falleg skeyti af kirkjum Garðabæjar



1. Garðakirkja



2. Vídalínskirkja



3. Frá Úlfliótsvatni



4. Fljúgandi svanir



5. Jöklasýn

Pöntunarsímar: 565-8820 , 565-8989 og 899-0089 og www.vifill.is

Tekið er á móti pöntunum í nýju Skátamiðstöðinni Jötunheimum við Bæjarbraut 7 milli kl. 13 og 17 um fermingardagana, en einnig er opið í Jötunheimum milli kl. 18 og 20 mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga.

Ef pantað er símleiðis, verður að greiða með greiðslukorti og gefa þarf upp greiðslukortanúmer og gildistíma.

Verð á skátaskeytunum er aðeins kr. 800.

Einfalt að panta skátaskeyti

Munið að hafa tilbúið greiðslukortið til að gefa okkur upp kortanúmerið og gildistímamann á því. Einfaldast er að gefa upp raðnúmerið sem er við nafn fermingar barnsins, því það flýtir fyrir afgreiðslu hjá okkur.

Athugið breyttan opnunartíma

Afgreiðslan í Skátaheimilinu er opin milli klukkan 13 og 17 og við lokum stundvíslega til að koma skeytunum út eins fljótt og auðið er. Öll skeytin eru send út í sérmerktum umslögum.

Líka í Hafnarfjörð og Kópavog

Munið að við tökum á móti skeytum í Hafnarfjörð og Kópavog, þá daga sem fermingar eru í Garðakirkju og Vídalínskirkju.



Garðabæingar - Þökkum veittan stuðning



Landsmót þriðja hvert ár

Þriðja hvert ár halda skátar sínu mestu hátíð hér á landi. Núna síðasta sumar var komið að því á ný og haldið landsmót. Að þessu sinni var það haldið að Úlfjótavatni. Koma þá saman skátar af öllu landinu og margir víða að úr hinum stóra heimi. Ætli þeir sem áttu lengst að fara á þetta mót hafi ekki komið frá Hong Kong og Ástralíu hinum megin af jörðinni.

Enginn smábær

Þegar svona stórmót er haldið myndast ein stærsta byggðin á landinu. Eru þetta hátt í 5000 mans sem koma saman og halda hátíð í heila viku með öllu því sem svona samfélag þarf á að halda, s.s. "bæjarstjóra" lögreglu, sjúkrahúsi, banka, verslun, útvarpsstöð, dagblaði og öðru sem til þarf. Þema mótsins var Orka jarðar og hétu tjaldbúðasvæðin nöfnum eins og Eldur, Vatn, Vindur og svo framvegis og skátarnir fengust við ýmis verkefni tengdum orku jarðar.

Stór hópur frá Vífli

Á þetta mót mættu um 60 skátar frá Vífli úr Garðabæ og skemmtu sér hið besta í heila viku í dýrindis veðri, þar sem sólin skein í heiði allan tímann. Sérstaklega skal taka það fram að dróttskátarnir settu sér takmark að fara gangandi, hjólandi og siglandi á mótið og var það eitt og sér heilt ævintýri sem lesa má um á www.vifill.is.

Margir dagskrárliðir

Þarna var farið á báta, vatnasafarí heimsótt, klifurveggur sigraður, leystar

hinar ýmsustu þrautir og skátar kynntust hvaðan æva að úr heimnum.

Á kvöldin var alltaf mikið um að vera, kvölddagskrá á tjaldbúðartorgum, torgavardeldar og aðalvardeldar á stóra sviðinu svo dæmi séu nefnd.

Á laugardegnum kom þyrila Landhelgisgæslunnar og sýndi björgun úr vatninu og þann sama dag var gerð lengsta fatalína sem gerð hefur verið á landinu og var hún um 4,5 kílómetra löng.

Garðabæjargrill

Við í Vífli buðum foreldrum og vinum til okkar á sunnudegi til grillveislu og hversu margir mættu veit nú enginn en það hurfu ofan í fólkið ansi margir

hamborgarar og pylsur. Það var grillað á þremur grillum og hafðist varla undan að metta fjöldann. Mjög ánægjulegt var að sjá hversu margir lögðu leið sína til okkar og þökkum við kærlega fyrir það.

Skemmtilegur nágrannarígur

Skemmtilegur rígur myndaðist á milli skáta úr Vífli og Mosverja úr Mosfellsbæ, en þeir voru á svæðinu við hliðina á Vífli.

Svona til að prófa fánastöngina þeirra (en hún var sú hæsta á svæðinu), þá var þeirra fáni tekinn niður seint eitt kvöldið og Vífilsfáni settur upp í staðinn.

Þetta endaði með miklu "grínstríði" milli félaga og í lokin tókst Vífli að auglýsa að öllum mótsgestum væri boðið á kvöldvöku og í kakkó og tertur hjá þeim. Mosverjar, sem fréttu af þessu boði, brunuðu niður á Selfoss og keyptu tugi af tertubotnum og rjóma og höfðu svo gríðarlega tertuveislu á svæðinu sínu þegar um 400 forvitnir skátar mættu til þeirra á kvöldvökuna sem Vífill hafði boðað til.

Algörlega frábært hjá Mosverjum !

Það verður svo að fylgja sögunni að Vífill mætti með stútfulla kakópotta til að bjóða með tertum Mosverja.

Myndir sem hér fylgja með lýsa best þeirri stemmingu og glaðværð sem ríkti á þessu móti.

Viljum við þakka öllum sem tóku þátt og eða heimsóttu okkur fyrir ánægjulega samveru.

*Fararstjórar
Brynjar og Anna Sigga*



Myndir frá Landsmóti skáta 2005





Skátafélagið Vífill

Útilífs- og ævintýranámskeið Vífils eru skemmtileg námskeið fyrir börn og unglinga sem eru á aldrinum 6 - 14 ára. Skátafélagið Vífill var með fyrstu skátafélögum á landinu sem byrjuðu með slík námskeið fyrir 17 árum.

Dagskráin byggist upp á mikilli útivist og að sjálfsögðu ekta skátastarfi.

Aðstaða og stjórnun námskeiðanna verður í nýju Skátamiðstöðinni Jötunheimum við Bæjarbraut.

Reyndir foringjar leiðbeina

Námskeiðunum er stýrt af reyndum skátáforingjum sem kunna sitt fag og hafa margra ára skátareynslu að baki. Þeir eru þaulkunnugir útilífi, stjórnun í skátastarfi og hafa mikla reynslu af því að vinna með ungum Garðbæingum. Allir leiðbeinendur hljóta þjálfun hjá Bandalagi Íslenskra skáta, sækja ítarlegt námskeið um starfshætti og öryggisreglur sumarnámskeiða og upprifjun í skyndihjálpi.

Mikil og góð dagskrá

Skátafélagið leggur metnað sinn í



að sinna einstaklingnum og byggja dagskrána upp í samræmi við reynslu undanfarinna ára.

Hvert námskeið er í eina viku í senn og á hverju námskeiði er nýtt þema.

Dagskrá námskeiðanna byggist hins vegar upp á tveggja vikna dagskrá og endar önnur hvor vika á útilegu við skátaskálann Vífilsbúð.

Þátttakendum er skipt upp í 5 - 7 manna flokka eftir aldri. Þessir flokkar starfa saman út námskeiðið.

Útilífs- og ævintýranámskeið Vífils

Farið er í ýmsar ferðir í nágrenni skátaheimilisins, meðal annars hellaferð, kanóferð, veiðiferð, fjöruferð, fjallgöngu, hjólaferð og ýmsar aðrar kynnisferðir. Í annarri hverri viku, í lok hvers námskeiðs, er farið í tjaldútilegu í Heiðmörk, í nágrenni skála skátafélagsins Vífilsbúðar. Í útilegunni er grillað, haldin kvöldvaka, farið í gönguferðir, hellaferð, póstaleiki ofl. Í stuttu máli er gert flest allt sem tengist alvöru skátaútilegum enda eru útilegur og útilíf sérgrein skátanna.

Ævintýranámskeið Vífils

Þetta námskeið er ætlað börnum og unglingum á aldursbilinu 11 - 14 ára. Þetta er tveggja vikna námskeið sem endar með stórrí útilegu. Námskeiðið byggist á alvöru útivist og öðruvísi íþróttum t.d kassakliffi. Þema í útilegunni er „Survivor“.

“Amazing race”

Þetta er í þriðja sinn sem Vífill tekur þátt í og heldur þennan viðburð með skátanámskeiðum nágrennasveitarfélaganna. Þessir dagar tókust mjög vel í fyrra og hefur félagið ákveðið að vera með þessa daga aftur. Tjaldað verður á túninu við Hraunbyrgi, tjaldsvæði Hafnarfjarðar og fer dagskrá útilegunnar fram um allan Hafnarfjörð.

Tilgangurinn með þessum dögum er að kynna skátastarf enn frekar fyrir foreldrum og verðandi skátum. Það skiptir gríðarlega miklu máli fyrir okkur að upplýsa foreldra um hvað skátastarf snýst.

Útilegan verður í júlí og er



öllum þátttakendum sumarnámskeiðanna og skátum boðið að koma og taka þátt í dagskránni. Foreldrum er síðan boðið að taka þátt í stórskemmtilegri kvöldvöku um kvöldið. Upplýsingar um þennan viðburð verða birtar á heimasíðu félagsins í lok júní.

Nánari upplýsingar síðar

Dagsetningar verða auglýstar síðar í Samarbæklingi Garðabæjar

Skráning á vefnum

Í fyrra var um 90% allra skráninga í gegnum vefsíðu Vífils og auðvitað verður hægt að skrá í gegnum www.vifill.is.

Einnig verður skráning í síma 899-0089 og 565-8820 eða með því að senda tölvupóst á vifill@vifill.is.



Smíðanámskeið Vífils

Nú í sumar er þriðja sumarið sem Vífill hefur yfirumsjón með smíðavöllum Garðabæjar. Síðustu tvö sumur hefur þetta gengið frábærlega en Smíðanámskeið Vífils hefur hreinlega slegið öll met því síðasta sumar kom metfjöldi þátttakenda til smíðanna.

Dagskrá allan daginn

Nú endurtökum við leikinn og tvínum saman leiki og fjör á smíðavellinum og höfum þar dagskrá allan daginn.

Dagskráin er skemmtileg og alltaf nóg að gera. Ef ekki er verið að smíða þá er farið í leiki og Jötunheimar lagðir undir fyrir alla þá aðstöðu sem þarf. Salurinn er nýttur fyrir mataraðstöðu og nóg er hægt að hafa fyrir stafni á námskeiðinu allan daginn.

Smíða kofa eða kassabíl

Eins og venjulega verður hægt að smíða stórhýsi eða kassabíl. Stórhýsi rúmast á lyftarabretti og því verður hægt að taka það með sér heim að námskeiði loknu og setja upp í garðinum heima.



Tvær vikur í senn

Hvert námskeið verður tvær vikur í senn og er það góður tími til að smíða og leika.

Nánari upplýsingar síðar

Eins og með Útilífs- og ævintýra-námskeiðið, þá verða dagsetningar auglýstar síðar í Sumarbæklingi Garðabæjar

Skráning einnig vefnum

Auðvitað verður hægt að skrá sig ís gegnum www.vifill.is.

Einnig verður skráning í síma 899-0089 og 565-8820 eða með því að senda tölvupóst á vifill@vifill.is.

Félagsútilegan í Bláfjöllum Einn af hápunktum vetrarins



Um 100 skátar í hátíðarveislu

Einn hópurinn sá um grillið og aðalréttinn, annar undirbjó eftirréttinn og hópur af fólki úr stjórn og Baklandi Vífils sá um að allt gekk greiðlega fyrir sig. Öll hátíðarveislan gekk frábærlega fyrir sig og á milli rétta komu hóparnir upp með kynningu og sögðu frá sínum ferðum yfir daginn og sýndu myndir úr ferðum sínum sem teknar voru fyrir um daginn.



Útilegan byrjaði í Jötunheimum

Alltaf í október fer allt félagið í heild sinni í félagsútilegu og í þetta skiptið átti að fara í skíðaskálann í Bláfjöllum.

Mikill undirbúningur var búinn að vera í margar vikur á undan og hafði dróttskátasveitin Fenris og sveitarforingjar hennar veg og vanda af dagskrá útilegunnar.

Veðurguðirnir gripu í taumana og ekki var hægt að keyra í Bláfjöll á föstudagskvöldi, en þá var bara útilegan sett í gang í skátaheimilinu.

Lagt af stað á laugardegi

Lagt var af stað snemma á laugardegi og hafði verðrið lagast. Mikil dagskrá beið og var hún byggð upp af valþáttum og höfðu flokkarnir valið fyrirfram hvaða dagskrárlíði þeir ætluðu að fara í.

Hægt var meðal annars að fara í hellaferð, gönguferð eða í undirbúningshóp sem gerði allt klárt fyrir veislu kvöldsins því margt þurfti að undirbúa .



Kvöldvakan toppur dagsins

Á sígildri kvöldvöku koma allir hópar með skemmtiatriði og aðalmálið er að skemmta sér og öðrum. Í þetta skiptið eins og svo oft áður komu í ljós all svakalegir leiklistarhæfileikar og svo var sungið af miklum krafti.

Ómissandi næturleikur

Auðvitað er fastur punktur að allir fari í næturleikinn, en þá er skipt í lið og hoppað út í myrkrið og leyst verkefni til að bjarga heiminum og vissulega var heiminum bjargað enn á ný í æsispennandi eltingarleik um svæðið. Svo komu allir inn og fengu kakó og kex í verðlaun og svo var sofnað vært.



Eldað úti í frostinu á hlóðum

Morgunleikfimi, morgunmatur og skálaskoðun eru fastir liðir, en nú brá svo við að til að geta fengið hádegismat, þá þurfti að kveikja eld í sérstökum tunnum og elda úti undir vegg í skjóli.

Allt gekk vel og var lærdómsríkt fyrir skátana að klára svona verkefni.

Eftir tiltekt og frágang var lagt af stað heim á leið og eina sem hægt er að gera er að bíða eftir næstu félagsútilegu !

Baklandið



FERMINGARTILBOÐ



FUJITSU COMPUTERS
SIEMENS
FSC Amilo Pro V2035 Cel 1.6

Kr. 99.900

Intel Celeron M380 1.6Ghz
512MB DDR2 minni (2x 256MB Mest 2GB)
60GB S-ATA diskur
15.4" WXGA (1280 x 800)
VIA UniChrome Por Vn800 skjástýring
DVD-RW skrifari
10/100/1000 LAN og V92 mótald
54Mbps þráðlaus netstýring
4x USB 2.0, hljóð inn/út
Realtek hljóðstýring og víðoma hátalarar
332 x 273 x 37 mm, 2.8 kg
Rafhlöðuending 2 kist
Windows XP Professional
2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum

TK
TÖLVUKAUP

S. 554 2187. tolvukaup@tolvukaup.is, www.tolvukaup.is



Ferli ehf. er miðlari fyrir dreifingu þjóðskrár frá Hagstofu Íslands og fyrirtækjaskrár frá Ríkisskattstjóra.

Hægt er að sækja uppfærsluskrár sjálfvirkt daglega, vikulega eða mánaðarlega.

www.ferli.is

Ferli ehf. Alhliða tölvuþjónusta - Hlíðasmára 8 - Sími 544-5888 Netfang ferli@ferli.is

Jólagleði Vífils

Allir farnir að hlakka til næstu jóla

Jólagleði og annáll ársins

Föst hefð hefur skapast um það að halda jólaboð með stjórn, heiðursfélögum, Baklandinu, eldri skátum og sérstökum velunnurum félagsins. Yfir borðhaldi er svo litið yfir dagskrá liðandi árs frá spaugilegu hliðinni.

Veittar viðurkenningar

Bragi Björnsson, aðstoðarskátahöfðingi, sem var sérstakur gestur kvöldsins, veitti hjónunum Trausta Sigurðssyni og Hönnu Dóru Magnúsdóttur Þórshamarinn fyrir vel unnin störf á liðnum árum. Einnig fékk Soffía Dagmar Þorleifsdóttir sömu orðu fyrir metnaðarfullt starf síðustu ára og



sérstaklega á meðan nýja skátamiðstöðin var í byggingu. Helgi félagsforingi, veitti systkinunum Hermanni Sigurðssyni og Hrafnhildi Sigurðardóttur Gullna smárann og liljuna fyrir gott starf á liðnum árum.



Að lokum voru driffjaðrir skátafélagsins þetta árið leystar út með jólagjöfum sem þakklætisvott fyrir óeigingjarnt sjálfböðastarf á árinu.

Stuttar fréttir frá Vífli



Ekki brann neitt á þrettándanum

Eftir mikla umhugsun ákvað stjórn félagsins í byrjun janúar að halda árlegan þrettándavæðeld við Vífilsbúð í Heiðmörk, þrátt fyrir slæma verðuspá. En völdin voru algjörlega tekin úr höndum félagsins og veðurhamurinn slíkur að allar brennur á Stór-Garðabæjarsvæðinu voru ekki leyfðar. Þar sem ekki var frost í jörðu og landið mjög viðkvæmt var ákveðið að fresta brennunni um heilt ár. Við vonum bara að fleiri komi næst og bálið verður helmingi stærra í staðinn. Myndin er frá brennunni í janúar 2005.



Skátaping í mars

Aðalfundur Bandalags íslenskra skáta og Skátaping eru haldin einu sinni á ári. Þá hittast aðilar úr stjórnnum allra félaga sem og foringjar félaganna. Þingið sem er heil helgi byrjar á aðalfundi á föstudagskvöldi og síðan hópavinnu á laugardegi og sunnudegi. Að þessu sinni voru mörg málefni til umfjöllunar eins og nýjungar í dagskrá sem verður á boðstólum, breytingar á aldurskiptingu í skátastarfi, nýjar leiðbeininga- og kennslubækur og margt fleira. Þingið gekk mjög vel í alla staði og þakkar Vífill fyrir sig.



Gríðarlegur áhugi á Jamboree

Næsta alheimsskátamót, svokallað Jamboree verður haldið árið 2007 rétt fyrir utan London í Englandi. Mikill áhugi er hjá íslenskum skátum að fara á mótið og stefnir allt í að um 300 skátar fari héðan. Eins og staðan er í dag eru um 10 skátar úr Vífli búnir að skrá sig. Jamboree er haldið á fjögurra ára fresti og alltaf í mismunandi heimsálfu. Á svona móti eru um 30 þúsund þátttakendur hvaðanæva úr öllum heiminum og er þetta eitt mesta ævintýri sem skátar geta komist í. Skátar úr Vífli fóru fyrst á Jamboree sem var í Kanada ári 1983 og síðan hafa skátar úr Vífli farið á öll alheimsmótin síðan þá, en síðustu mót hafa t.d. verið haldin í Chile, Ástralíu, Hollandi og Tælandi. Myndin sýnir íslenskan Jamboreehóp sem fór á mótið í Taílandi.



Vífill sér um 17. júní hátíðarhöld

Skátafélagið Vífill hefur oft séð um hátíðarhöld á þjóðhátíðardaginn og síðustu árin með Fimleikadeild Stjórnunnar. Í ár sótti stjórn Vífils um að fá að sjá alfarið um hátíðarhöldin og var það samþykkt á fundi hjá Íþrótt- og tómstundaráði. Nú þegar er byrjað að huga að deginum.



Dróttskátamótið í Þórsmörk

Skátafélögin á höfuðborgarsvæðinu eiga kost á því að komast í stóra og mikla útilegu í Þórsmörk í október á ári hverju. Eina sem er skilyrði fyrir að dróttskátar félaganna megi koma er að þeir komi með hjálparsvæði viðkomandi bæjarfélags með sér. Í raun eru þessi útilega eitt stórt samstarfsverkefni og hefur það tekist svo vel að öll félögin og allar hjálparsvæðir streyma til Þórsmörkur á hverju hausti. Ísklfiur, sig, skyndihjálpar eru allt þættir sem dróttskátarnir eru látnir spreyta sig á og auðvitað er svo allsherjar kvöldvaka með tilheyrandi gítarspili á kvöldin.

Áhugi á næsta Ylfingamóti

Okkur barst ljóð frá einum skáta félagsins sem fékk verkefni að gera ljóð fyrir skólann. Yrkisefnið varð næsta Ylfingamót sem verður nú í sumar og fær hún þrefalt Ríkk Tikk frá ritstjórn.

Ung og lífsglöð er ein snót,
unnir hún öllu saman.
Senn fer hún á ylfingamót,
sjálfsagt verður það gaman.

Binda, losa, nýta, ná,
nefna, hlaupa, vefja.
Sveima, brjóta, svífa, fá,
sveifla, ganga, hefja.

Besta mót, betri skátar,
bjartir góðir dagar.
Margar eru minningar kátar,
miklir og saddir margar.

Höfundur: Dagmar Björk Bjarkadóttir





www.video.is S: 565-6677



GH Ljós
Garðatorg 7
210 Garðabæ
Sími 565-6560
gh@gh.is
www.gh.is

Garðatorg




Fyrirtækja- og þjónustumiðstöð



GARÐATORGI 7 - 210 GARÐABÆ
Sími : 545-0800 - fax : 545- 0801
gardatorg@gardatorg.is
www.gardatorg.is
Fasteignasalan í Garðabæ



Skátafélagið Vífill þakkar öllum þeim fyrirtækjum er styrktu útgáfu þessa blaðs og hvetur Garðbæinga, sem og alla aðra til að nýta sér þjónustu þeirra !



ZEPPELIN ARKITEKTAR
Garðatorg 7

Tannlæknastofan
Garðatorgi
Sími 565-9070

Áslaug Óskarsdóttir
Guðrún Jónsdóttir
Úlfhildur Áslaug Leifsdóttir

Stuttar fréttir frá Vífli



Jötunheimar

Eftir nafnasamkeppni og mikla umhugsun félaga í Vífli og HSG og var ákveðið að nafn hússins yrði Jötunheimar. Merkingar á gafli hússins sem snýr út að götu verða settar upp á næstunni, en þessi gafli sem sést hér á myndinni að ofan er sá sem snýr út í garðinn.

Á efri hæðinni er nýi salur Vífils sem var kláraður nú rétt fyrir jólin. Þar er komin frábær aðstaða til að halda veislu fyrir allt að 120 gesti.

Nú þegar er farið að panta salinn fram á árið. Allar nánari upplýsingar á skrifstofunni.



Baklandið öflugt

Hópur foreldra og eldri skáta mynda þann hóp sem við köllum Bakland Vífils. Þessi hópur er alltaf tilbúinn í hin ýmsu verkefni og þegar óskað var eftir aðstoð við að parketleggja salinn var ekki slegið slöku við.

Margar hendur unnu létt verk og að lokum var líka flísalagt við svalahurðirnar og salurinn svo málaður eina umferð til að hafa allt eins fínt og hægt væri fyrir jólin. Eldhúsið var einnig tekið í gegn hátt og lágt og raðað í alla skápa.

Þetta var allt gert á kvöldin og fram eftir nóttu, en allt tókst þetta að lokum og Vífill náði að halda jólagleðina á réttum tíma.



Vífilsbúð alltaf vinsæl

Útileguskáli félagsins heitir Vífilsbúð og er í Heiðmörkinni.

Hann er eini skátaskálinn hér á höfuðborgarsvæðinu sem hægt er að fara gangandi í. Allir skátaflokkar Vífils fara þangað í útilegu a.m.k einu sinni á ári og svo er skálinn auðvitað mikið notaður á sumrin í Útilífs- og ævintýranámskeiðum.

Skálinn er einnig mjög vinsæll hjá skátaflokkum félaganna í kring um okkur.

Skátafélagið Vífill gaf Hraunbúum í Hafnarfirði gjöf í tilefni stórafmælis þeirra í haust og fengu allir flokkar Hraunbúa að gista eina helgi í Vífilsbúð í boði Vífils. Skátalegrri verða nú ekki afmælisgjafirnar - eða hvað ?



Framkvæmdir á lóðinni í vor

Mikið tilhlökkunarefni er að nú í vor verða miklar framkvæmdir á lóðinni við Jötunheima.

Malbikað verður og hellulagt fyrir framan húsið og verður það mikill munur og mun breyta miklu fyrir umgengni hússins.

Á baklóðinni verður tyrft og gerð tenging við skrudgarðinn, sem verður gerður í sumar og á næstu misserum.



Endurfundur eldri skáta

Sigurgeir Óskarsson fyrrverandi félagsforingi Vífils var á landinu í haust og hóaði í nokkra eldri félagar til að koma og skoða Jötunheima.

Í tilefni þessa gaf hann félaginu forláta fina varðeldaskikkju sem hann notaði sjálfur við varðeldastjórn á fimm Landsmótum.

Skikkjan verður sett upp í sérstakan glerkáp í Jötunheimum og notuð á Landsmótum.



Fjölmenntur aðalfundur Vífils

Aðalfundur Vífils var haldinn í sal félagsins í byrjun mars og fjölmenntu foringjar og eldri skátar á hann.

Skemmtileg aðalfundarmál eins og skýrsla stjórnar og samþykkt reikninga voru að sjálfsögðu hápunktur dagskrárinnar !

Kosið var í þau sæti stjórnar sem voru laus og einnig í nefndir og ráð félagsins eins og skeytanefnd, sumardags fyrsta nefnd að ógleymdri skálanefnd .

Að lokum var samþykkt félagsáætlun næsta árs



Efnalaug og fataleiga Garðabæjar S: 565-6680



S: 514-7806



Skólatilboð
Ungjörð og gler
aðeins
16.900,-

2 fyrir 1 Alltaf nýjar sendingar!
Nýjustu línurnar úr fremstu gleraugnatískunni.

Linsutilboð

- 3-ja mán. skammtur
- linsuvökvi
- linsubox

aðeins
3.500,-



Érum með frábært úrval af litalinsum. Augnlitir sem setja punktinn yfir i-ið!

sjón
gleraugnaverslun

Sjón - alltaf betri þjónusta.

Laugavegi 62 sími 511 6699	Garðatorgi sími 511 6696	www.sjon.is sjon@sjon.is
-------------------------------	-----------------------------	-----------------------------



Bókaverslunin Gríma S:565-6020



Garðablóm S: 565-6722

Garðatorg



Fyrirtækja- og þjónustumiðstöð



ÁVÍSUN Á VELGENGNI FERMINGAR- BARNINS

FRAMTÍÐARREIKNINGUR

Framtíðarreikningur er verðmæt fermingargjöf sem vex með barninu og hjálpar því að læra góða siði í fjármálum. Hann er bundinn til átján ára aldurs og ber alltaf bestu vexti sparireikninga bankans.

GLITNIR
FRAMTÍÐARREIKNINGUR
KR. 2.000,-
GREIÐIBEGN
TÆKKA ÞESSUM
inn á Framtíðarreikning fermingarbarns
KRÓNUR
Tvö þúsund 00/100
F.h. Glitnis
Einar Þorsteinsson
Feringarárið 2006
Ert þú á leiðinni í fleiri en eina fermingu? Talðu við gjaldkera í næsta útibúi Glitnis.

Ef þú stofnar Framtíðarreikning til að gefa í fermingargjöf og leggur 5.000 kr. eða meira inn á hann færðu 2.000 kr. mótframlag frá Glitni.

Komdu í næsta útibú og leggðu grunn að fjárhagslegri velgengni fermingarbarnsins um alla framtíð. Framtíðarreikningurinn fæst líka á glitnir.is og í Þjónustuveri í síma 440 4000.

GLITNIR